

Fimmtudaginn 4. mars 1976.

Nr. 25/1975. **Jósafat Arngrímsson og Kyndill h/f**  
(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

**Sævari Helgasyni vegna**  
**Skiltagerðarinnar Veghúss**  
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Skuldamál. Aðild. Fjárnám.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 21. febrúar 1975. Krefjast þeir þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefjast þeir sýknu. Þá krefjast þeir, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Loks krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og svo málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Áfrýjendur styðja frávísunarkröfu sína aðallega þeim rökum, að héraðsdómari hafi hinn 18. nóvember 1974 ex officio flutt mál þetta af bæjarþingi Keflavíkur fyrir sjó- og verslunardóm Keflavíkur. Þessi flutningur málsins fyrir sjó- og verslunardóm hafi farið fram án samráðs við aðilja og því verið óheimill, auk þess sem sakarefni sé þannig vaxið, að málið hafi átt að dæma á bæjarþingi, en ekki í sjó- og verslunardómi. Enn fremur hafi ekki verið sérstaklega skráð í þingbók um ákvörðun dómara um flutning málsins í sjó- og verslunardóm og hafi málið aldrei verið réttilega þingfest fyrir sjó- og verslunardómi samkvæmt ákvæðum 104. gr. laga nr. 85/1936. Loks hafi sjó- og verslunardómurinn ekki

leitað sátta með aðiljum í þinghaldi 27. nóvember 1974, eins og skylt hafi verið samkvæmt 2. mgr. 106. gr. sömu laga.

Málsaðiljar hreyfðu engum athugasemdum við þeirri ákvörðun héraðsdómara að flytja málið frá bæjarþinginu og fyrir sjó- og verslunardóm Keflavíkur. Verður að líta svo á, að þeir hafi samþykkt þá málsmeðferð. Flutningur málsins fyrir sjó- og verslunardóm var að vísu ástæðulaus, enda átti málið með réttu undir bæjarþing Keflavíkur, en þar sem héraðsdómara hefði verið heimilt að dæma málið á bæjarþinginu með samdómendum samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 200. gr. laga nr. 85/1936, þykir ekki bera að ómerkja málsmeðferðina og hinn áfrýjaða dóm af þessari ástæðu. Dómsgerðir málsins bera með sér, að héraðsdómari leitaði sátta með aðiljum á bæjarþingi Keflavíkur 16. október 1974, og aftur var leitað sátta með þeim fyrir sjó- og verslunardómi 9. desember 1974. Hefur krafa um ómerkingu héraðsdóms vegna ónógra sáttatilauna ekki við rök að styðjast. Á það má að vísu fallast, að bókun í þingbók um flutning málsins fyrir sjó- og verslunardóm sé verulega áfátt, en ekki þykir þetta þó eiga að varða ómerkingu héraðsdóms.

Sýknukröfuna reisa áfrýjendur á því, að þeir séu ekki réttir aðiljar málsins. Verk það, sem krafa stefnda sé sprottin af, hafi verið unnið við húseignina Laugaveg 17 í Reykjavík, sem áfrýjandinn Jósafat hafi átt ásamt öðrum nafngreindum manni, og hafi verkið verið unnið að beiðni Jósafats. Beri stefnda að beina kröfum sínum um endurgjald fyrir verkið að þessum mönnum, en hvorki Kyndli h/f né Jósafat Arngrímssyni f. h. Plötuportsins, enda sé skráð firma með því nafni ekki til. Skipti í þessu sambandi ekki máli, þótt áfrýjandinn Jósafat hafi rekið óskráð fyrirtæki með þessu nafni að Laugavegi 17.

Á framangreinda sýknuástæðu verður ekki fallist. Verk það, sem í málinu greinir, virðist hafa verið unnið í þágu fyrirtækisins Plötuportsins. Samkvæmt málflutningi það áfrýjandinn Jósafat stefnda að vinna verkið, og ekki er vefengt í málinu, að honum beri að greiða endurgjald fyrir það.

Enda þótt í stefnu málsins segi, að Jósafat Arngrímssyni sé stefnt vegna Plötuportsins, er fráleitt, að hann hafi getað verið í vafa um, að í máli þessu væri um að tefla kröfugerð stefnda á hendur honum sem málsaðilja. Eru engin haldbær rök komin fram fyrir sýknukröfu hans vegna aðildarskorts, og verður hún ekki tekin til greina.

Áfrýjandinn Kyndill h/f hafði ekki gagnert uppi þá málsvörn í héraði, að hann væri ekki réttur aðili máls, og er ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til að sú málsástæða komi til álita fyrir Hæstarétti að svo vöxnu máli.

Áfrýjendur hafa hvorki vefengt fjárhæð kröfu stefnda né andmælt kröfu hans um upphafstíma vaxta. Verður krafa stefnda því tekin til greina, þó þannig, að vextir reiknast 9% ársvextir frá 21. nóvember 1973 til 15. júlí 1974, en 13% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Hin áfrýjaða fógétagerð fór fram að kröfu stefnda, sem krafðist fjárnáms til tryggingar skuld eftir hinum áfrýjaða dómi. Skv. bókun fógeta setti áfrýjandi Kyndill h/f víxla og önnur verðmæti sem tryggingu, og bókaði fógeti jafnframt, að gerðarbeiðandi hefði tekið „hin fjárnundu skjöl“ í sína vörslu. Fógeti lauk því næst gerðinni, án þess að bókað væri, að verðmæti væru tekin fjárnámi. Fór því ekkert fjárnám fram, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 19/1887. Verður því að ómerkja fógétagerðina.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

### D ó m s o r ð :

Framangreind fógétagerð er ómerk.

Áfrýjendur, Jósafat Arngrímsson og Kyndill h/f, greiði stefnda, Sævari Helgasyni vegna Skiltagerðarinnar Veghúss, 132.648 krónur með 9% ársvöxtum frá 21. nóvember 1973 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 80.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur sjó- og verslunardóms Keflavíkur 30. desember 1974.**

Mál þetta var þingfest 18. september 1974 og dómtekið eftir framlagningu sóknar mánudaginn 16. desember sama ár. Stefnandi er Sævar Helgason, Skiltagerðin Veghús. Stefndi er Jósafat Arngrímsson vegna Plötuportsins og Kyndils h/f.

Stefnt var til bæjarþings Keflavíkur, en með ábyrgðarbréfi, dags. 30. október 1974, var aðiljum tilkynnt, að málið yrði rekið fyrir sjó- og verslunardómi Keflavíkur.

Stefnukröfur eru þær, að stefndi greiði kr. 132.648 auk 1.5% mánaðarvaxta frá 22. nóvember 1973 til 15. júlí 1973 og 2% mánaðarvaxta frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ (sic).

Sátta hefur verið leitað án árangurs.

Í þinghaldi 20. nóvember 1974 var Jóni E. Jakobssyni stefnt inn í málið með sakaukastefnu sem öðrum tveggja fyrri eigenda Laugavegar 17, Reykjavík. Í þinghaldi 9. desember var sú sókn hafin með samþykki beggja aðila.

Stefnandi segir stefnukröfur sínar vera til komnar vegna útmálunar á Laugavegi 17, Reykjavík, þar sem Plötuportið sé til húsa, og vegna auglýsingaskilta, sem eru á húsinu. Reikningar voru gerðir 15. nóvember 1973 að upphæð kr. 187.341 og 21. nóvember að upphæð kr. 52.195. Samtals sé þetta kr. 239.536. Stefndi hafi greitt kr. 106.888. Afgangurinn, kr. 132.648, hafi ekki fengist greiddur og hann sé stefnufjárhæðin.

Stefnandi hefur skýrt frá, hvernig verkið var unnið. Auglýsingaskiltin hafi verið máluð á verkstæði Veghúss í Keflavík, en önnur málningarvinna farið fram að Laugavegi 17, Reykjavík. Verkinu hafi átt að hraða vegna opnunar verslunarinnar og því hafi töluvert verið unnið í næturvinnu. Hann kveðst hafa ráðið aðstoðarmenn til starfsins sjálfur og hafi einn þeirra haft málarameistararéttindi, en hinir sveinspróf.

Stefndi hefur ekki komið fyrir dóminn. Lögmaður stefnda mætti ekki, þegar vitnaleiðslur fóru fram né þegar málið skyldi flutt. Ekki voru boðuð lögmet forföll. Málið verður því að dæma eftir framlögðum gögnum að því leyti sem þau samrýmast staðreyndum málsins.

Varnir stefnda koma fram í greinargerð hans, dskj. nr. 9.

Hann krefst sýknu og málskostnaðar að mati dómsins. Sýknukröfu sína byggir hann á, að verkið sé að fullu greitt og jafnvel ofgreitt og að vafi leiki á um rétta aðild.

Dómurinn hefur skoðað auglýsingaskiltin og húsið að Laugavegi 17. Að mati dómsins er uppmæling á dskj. nr. 4 rétt, enda hefur henni ekki verið mótmælt sérstaklega. Fyrir dóminn hafa komið málaraðir þeir, sem unnu umþrætt verk. Hafa þeir staðfest tímaseðla þá, sem reikningurinn á dskj. nr. 8 byggir á. Þeim voru reiknaðar kr. 470 pr. klst., jafnaðarkaup. Að mati dómsins var það sist of hátt á þeim tíma, sem verkið var unnið.

Aðild að máli þessu hefur verið vefengd. Stefnandi, Sævar Helgason f. h. Veghúss, réð menn til starfa við verkið, stjórnaði því og samdi við stefnda um framkvæmd þess. Veghús, skiltagerð, er einkafyrirtæki stefnanda. Hann er því réttur aðili máls þessa. Stefndi er Jósafat Arngrímsson vegna Plötuportsins og Kyndils h/f. Hann hefur greitt stefnanda laun hans fyrir verkið og einnig Júlíusi Baldurssyni, er hann kom á skrifstofu Kyndils h/f í Keflavík. Hann hefur því viðurkennt greiðsluskyldu sína, enda samdi hann um framkvæmd verksins.

Niðurstaða dómsins: Stefnandi, Sævar Helgason, og stefndi, Jósafat Arngrímsson f. h. fyrirtækja sinna, hafa samið um málun hússins að Laugavegi 17, Reykjavík, ásamt auglýsingaskiltum. Ekki hefur verið samið um ákveðna greiðslu fyrir verkið. Ber því samkvæmt undirstöðurökum 5. gr. laga nr. 39/1922 að leggja til grundvallar það verð, sem stefnandi setur upp, enda verður það ekki talið ósanngjarnt. Málskostnaðarreikningur lögmanns stefnanda, dskj. nr. 16, þykir hæfilega tekinn til greina með kr. 65.000.

Dóminn kvað upp Jón G. Briem fulltrúi ásamt meðdómsmönnum unum Grétari Þorleifssyni og Sigurði Kristinssyni.

#### Dómsorð:

Stefndi, Jósafat Arngrímsson vegna Plötuportsins og Kyndils h/f, greiði stefnanda, Sævari Helgasyni vegna Veghúss, skiltagerðar, kr. 132.648 með 1.5% dráttarvöxtum frá 21. nóvember 1973 til 15. júlí 1974, en með 2% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 65.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri ábyrgð að lögum.

#### Fjárnámsgerð fógetaréttar Keflavíkur 27. janúar 1975.

Ár 1975, mánudaginn 27. janúar, var fógetaréttur Keflavíkur settur að Hafnargötu 31 og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta Sveini Sigurkarlssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 17/1975: Sævar Helgason (Skiltagerðin Veghús) gegn Jósafat Arngrímssyni vegna Plötuportsins og Kyndils h/f.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Kristján Stefánsson lögfræðingur vegna Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 birtan dóm bæjarþings Keflavíkur, uppkveðinn 30. desember 1974, og krefst fjárnáms til tryggingar dómskuldinni, kr. 132.648, auk 1.5% mánaðarvaxta frá 21. nóvember 1973 til 15. nóvember 1974 og 2% mánaðarvaxta frá þeim degi til greiðsludags, kr. 65.000 í málskostnað og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Stjórnarformaður gerðarþola, Guðrún J. Valgersdóttir, er mætt í réttinum, og skoraði fógeti á hana að greiða umkrafa skuld, en hún kveðst ekki greiða/geta greitt.

Skoraði fógeti á mættu að benda á eignir gerðarþola til fjárnáms og brýndi fyrir henni að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætt bendir ekki á neina muni til fjárnáms, en segir hins vegar, að fyrirtækið sé ekki eignalaust. Skoraði fógeti ítrekað á mættu að benda á eignir, en hún kveðst ekki geta tilgreint þær.

Fógeti lýsti yfir því, að hann frestaði fjárnáminu vegna þess, sem fram er komið í réttinum.

Guðrún J. Valgeirsdóttir.

Vék frá kl. 1230.

Kl. 1500 var rétti framhaldið á skrifstofu bæjarfógeta af sama fulltrúa, og gerðarbeiðandi er mættur. F. h. gerðarþola, Kyndils h/f, er nú mættur Jósafat Arngrímsson, skráður framkvæmdastjóri gerðarþola.

Að áskorun fógeta benti mætti nú á til tryggingar tvo víxla, per 1. nóvember 1975, annan að fjárhæð kr. 140.400, samþykktan af Péttri Filippussyni, Selási 3, Reykjavík, og ábakinn og útgefinn af Jóni Einari Jakobssyni héraðsdómslögmanni, en hinn að fjárhæð kr. 60.318, pr. 1. nóvember 1975, og samþykktan af Jóni E. Jakobssyni héraðsdómslögmanni og útgefinn og ábakinn af Jósafat Arngrímssyni. Þá bendir mætti einnig á 2 reikninga, annan á J.C. húsið í Keflavík og hinn á Grímshól h/f, þann fyrri að fjárhæð kr. 86.050, dags. 15. mars 1973, en hinn kr. 61.505, 4. mars 1974. Fór að því búnu fram virðing, og töldu virðingarmenn, að hin boðna trygging væri nægileg. Tók gerðarbeiðandi hin fjárnumdu skjöl í sína vörslu.

Upplesið. Játáð rétt bókað.

Kristján Stefánsson. Jósafat Arngrímsson.  
Gerðinni lokið. Fógetarétti slitið.

---

**Þriðjudaginn 9. mars 1976.**

**Nr. 204/1974. Sigurður Axel Axelsson**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

**Mariú Guðfinnu Andrésdóttur**

(Skúli Pálsson hrl.).

**Dómenndur:**

**hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.**

**Barnsmeðlag.**

### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. nóvember 1974. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar úr hennar hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum máls er sonur málsaðilja, Guðbjörn Helgi, fæddur 15. janúar 1971, en ekki 17. janúar 1971, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi.

Stefnda krafðist í öndverðu úrskurðar yfirvalds um meðlagsgreiðslu úr hendi áfrýjanda með syni þeirra frá fæðingu hans. Hinn 11. október 1972 úrskurðaði fulltrúi yfirsakadómarsans í Reykjavík áfrýjanda skyldan til að greiða meðlag með drengnum frá og með 1. maí 1972, en leysti eigi að öðru leyti úr meðlagsskröfu stefndu í úrskurði sínum, svo sem rétt hefði verið. Tók stefnda þá þann kost að krefja áfrýj-